

Nd.

42. Tillaga

til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Alþingi ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að fara þess á leit við dönsku ráðherra-stjórnina, að 4—5 hraðskreiðir fallbyssubátar sjeu eftirleiðis látnir hafa á hendi landhelgisvörnina við strendur Íslands, í stað danska varðskipsins, sem nú er, og sje hver þeirra, að stærð og lögun, sem allra svipaðastur botnvörpungum (»trawlers«), er fiskiveiðar stunda við strendur Íslands, og stærri meðal-stærðar eru taldir.